

## KONUNGLEGG AUGLÝSING

62  
5. nóv.

um

**að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.

*Gjörum-kunnugt:* Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til Svíaríkis, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 2. þ. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

*Gefið á Amalúborg, 5. nóvember 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Þorláksson.*